

Framkvæmdir víða og fjörleikar

ÚR BÆJARLÍFINU

Björn Björnsson
Sauðárkróki



Nú er dag farið að lengja, sól hækkar á lofti og fallgett veður er dag eftir dag. Að vísu er hann kaldur þegar andar að norðan, og svo á auðvitað eftir að koma páska-, sumarmála-, hrafna- og kaupfélagsfundarhættir eða hvað þau heita öll hretin sem hellast yfir á hverju vori. En hér í Skagafirði búa menn sig bara undir það og taka því sem að höndum ber.

Um síðustu mánaðamót lauk sýningum Leikfélags FNV á verkinu *Með allt á hreinu*, eftir 12 sýningar fyrir fullu húsi. Að sögn leikstjórnanna Sigurlaugar Vordísar og Eysteins Ívars kom hugmynd að verkefni fram í október og fljótlega var hafist handa um ritun leikverks upp úr kvikmyndahandriti Stuðmanna að þeirra þekktu samnefndu mynd.

Áður hafði leikverk eftir myndinni verið gert, en hér varð að hafa annan hátt á til að sýningin rúmaðist á litlu sviði Bifrarastar. Sagði Sigurlaug að mesta þúsilöf hefði verið að nýta sviðið sem best og ná flæði á milli áttríða þannig að enginn þráður rofnaði. Og ekki síður þar sem það mikil aðsókn nemenda var til þátttöku að skrifa vark ein í verknið nokkrar nýjar aukapersónur, auk þess að hafa nánast enga leikmynd en nýta ljós og hljóð til fullnustu. Hefur verið orðað við hópin að sýna verknið í nágrenni byggðum en um það hefur engin ákvörðun verið tekin.

Allir sem sýninguna sáu ljúka upp einum



Morgunblaðið Björn Björnsson

Sauðárkrókhöfn Verktakafyrirtæki Árna Helgasonar frá Ólafsfirði rekur niður stálþil.

munni um frábærla skemmtilegt verk, þar sem hvergi var veikur blettur; hjóðferaleikur og söngur í hæsta gæðaflokki og engin dauður punktur eða vandræðagangur í sýningunni. Burðarhlutverkin voru í höndum Emelínu L. Guðbrandsdóttur; Ísaks Agnarssonar, Alexanders V. Jóhannssonar og Haraldar Más Rúnarssonar.

Á vegum Skagafjarðarveitna er stefnt að því að bora eftir heitu vatni á svæði veitnanna í

Sauðármýrum. Útvíkka á svæðið því fullvíst er talið að verulega meira vatnsmagn sé að finna, þó ef til vill verði að fara dýpra eftir því. Að sögn verkstjóra veitnanna, Gunnars Björns Ragnvaldssonar, er minnkandi þrýstingur í holunum þó enn hafi ekki þurft að koma til dælingar, en íbúum svæðisins hefur fjölgað og er nú talin þörf á auknu vatni, en nýting vex um 2% á milli ára. Þá er ljóst að hefja verður leit að köldu vatni fyrir Sauðárkrök, en um árabíl hafa verið nokkur vandræði með öflun þess fyrir bæinn.

Á þriðjudag hófust framkvæmdir við niðurkast á nýju stálþili við Norðurgarð Sauðárkróksahafnar. Að sögn Dags P. Baldvinssonar hafnarstjóra verði í þeim áfangamálum sem nú er tekin sett niður þil á 90 metra kafla, en síðari áfangi, sem er um 110 metrar, verður láttin bíða um sinn. Umferð um höfnina hefur verið svipuð og á síðasta ári, og gert er ráð fyrir ámóta umsvifum áfram. Auk þess er að vænta ný skemmtiferðaskipa næsta sumar. Það er Arni Helgason, verktaki frá Ólafsfirði, sem kemur með sín stórvirku tæki og anaast framkvæmdirnar við þilið.

Hjá Steinullarverksmiðjunni liggur fyrir söm verulega stækkun, þó ekki hafi nefn ákvörðun verið tekin um þá framkvæmd. Ljóst er að þörf er á mikilli aukningu á framleiðslugetu hvort sem byggð verður ný verksmíða við hlið hinna gömlu eða niðrandi húsnæði stækkad og sett upp ný vinnslufloa, sem mundi auka afköst um 40 til 50%. Að sögn Stefáns Lóga Haraldssonar framkvæmdastjóra er ljóst að nú í kringum páska verður um u.þ.b. tíu daga upphald vegna reglubundins viðhalds á brennsluofni.

Stefán sagði að unnið hefði verið á árinu á þrískiptum vöxtum og síðasta ár hefði verið fjórða stærsta framleiðsluárið frá upphafi, og veltan verið 2 milljarðar og 75 milljónir og framleiðslan 10.130 tonn. Hins vegar væri það áhyggjuefni að ekki hefði tekist að halda uppi því góða þjónustustigi sem verið hefði vegna verulegra meiri eftirspurnar umfram framleiðslugetu.

Á vegum sveitarfélagsins er margt á döfinni. Lókið verður öllum framkvæmdum við nýjan leikskóla á Hofsósi hausti 2025 og áfram verður unnið af fullum krafti að viðhaldsframkvæmdum við Árskóla þ.m.t. gluggaskiptum og fleiru. Borun nýrrar hulu á vegum veitnanna er að fara í útbod, og komnar eru í útbod pípu- og raflagnir vegna viðbótarframkvæmda við sundlaug og renniþraut kemur á næsta ári.

Þá stýttist í útbod á nýjum grjótarði á ytri höfninni sem verður til verulegra bóta þar sem dýpi er meira og lega fyrir stærri og djúpristari skip. Svo er lókið gerð deiliskipulags fyrir nýtt byggingarsvæði sem hlíðlið hefur nafnið Sveinstún í Áshildarholti, og gætu þar risið 45 til 50 íbúðir, í einbýlis-, þar- og raðhúsum. Væntanlega verður byrjað á gatnagerð þar í sumar.

Svo sem sjá má er margt að gerast, og svo er menningarviðburðurinn Sæluvíka fram undan í lok apríl og mun þá Leikfélagið setja á svið Litlu hryllingsbúðina í leikstjórn Valgeirs Skarfgjörðs, og fleira gott verður á döfinni, og þeir sem lengra telja sig sjá, spá göðri tíu í vor og sumar og þá er nú ekki yfir miklu að kvarta.

Greiðsluáskorun

Innheimtumen rikissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. mars 2024, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. mars 2024 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. mars 2024, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskilylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, oliugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilgjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skatttranssóknarstjóra, ofgreiddri uppbot á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr rikissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útsvarsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.


Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í rikissjóð er 13 þúsund kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdrægin fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögðvæðing fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum krófum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. mars 2024

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfirðjum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum



Ljósmynd/Colourbox

Týnd taska Blóin eftir að ferðataskan skilaði sér var þrjú mánuði.

Ferðataskan var týnd í þrjú mánuði

● Úrskurðað í deilu um fjárhæð bóta

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa hefur úrskurðað í deilu farþega við flugfélag um upphæð bóta sem farþeginn átti rétt á vegna ferðatösku sem týndist en fannst þremur mánuðum síðar.

Farþeginn átti bókað flug með flugfélaginu í júlí 2022 en taska hans skilaði sér ekki þegar á áfangastað var komið. Hann sagðist hafa haft samband við flugfélagið þremur vikum síðar og þá verið sagt, að þar sem taskan hefði verið týnd í meira en þrjú vikur ætti hann rétt á að fá hana bætt, jafnvel þótt taskan kæmi í leitirnar síðar. Þá hefði farþeginn verið upplýstur um að hann ætti rétt á að fá greiddan kostnað við kaup á nauðsynjavöru vegna tafa farangursins. Flugfélagið greiddi farþeganum 10 þúsund krónur og bauð einnig 20 þúsund krónur til viðbótar og 70 þúsund króna inn-eign en því hafnaði farþeginn.

Taskan kom í leitirnar í október sama ár og sagði farþeginn að munir hefðu verið horfnir úr töskunni. Einnig hefðu fót í henni verið óhrein og ferðataskan sjúskuð. Þá hefði hann þurft að kaupa nauðsynjavöru í stað þeirra sem voru í töskunni

fyrir rúmlega 51 þúsund krónur. Krafðist hann bóta sem námu samtals um 260 þúsund krónum.

Því hafnaði flugfélagið og benti á að farþeginn færi fram á fullar skadabætur eins og að taskan hefði alveg týnst. Á ferðatímanum hefðu flestir flugvellir verið undirmannaðir og í þjónusta því miður í lágmarki. Því hefði taska farþegans skilað sér seint.

Í niðurstöðu kærunefndarinnar segir að ljóst þyki að farþeginn hafi orðið fyrir óþægindum og fjárhagslegu tjóni vegna þess að farangurinn skilaði sér ekki eins lengi sem raun bar vitni. Samanlagt fjártjón farþegans hafi verið rúmlega 59 þúsund krónur en nefndin telur að lækka eigi kröfuna vegna þess að þær vörur sem farþeginn festi kaup á væru nýjar og hafi notagildi fyrir hann í framtíðinni. Einnig yrði að líta til þess að farþeginn var á heimleið þegar ferðataskan týndist auk þess sem taskan kom síðar í leitirnar. Þá liggir fyrir að flugfélagið hafi þegar greitt 10 þúsund krónur í bætur vegna farangurstaftanna. Í þessu ljósi voru beturnar taldar hæfilegar 34.000 krónur.